


Rannsóknir á vatnasvæðum Laxár og Fáskrúðar í Dölum 1994

Janúar 1995

Inngangur

Vorið var snemma nokkuð gott og við rafveiðar í Laxá í Hvammsveit 12. maí fundust seiði sem voru að verða tilbúin til sjógöngu. Um miðjan maí kólnaði, síðasta vika mánaðarins var hlý en í byrjun júní kólnaði og var kalt fram yfir miðjan mánuðinn. Þegar farið var til að merkja gönguseiði, 10. júní var kalt og mikill vöxtur í ánni. Það var ekki fyrr en um 20. júní að hlýna fór í Laxá og skömmu síðar eða 24 júní, fóru seiðin að ganga til sjávar en varla er vafi á að seiði höfðu gengið úr ánni í byrjun júní að minnsta kosti úr neðri hluta hennar. Það var kannað með rafveiðum. Veitt var til rannsókna í Laxá 18. júní, 22. júlí, 31. ágúst og 1. september.

Myndin hér til hliðar sýnir lágmarkshita á Hamraendum í maí og júní 1993 og 1994. Tekið var s.k. hlaupandi meðaltal af lágmarkshita þriggja sólahringa. Þetta er gert til þess að línuritið slípist, en sýni samt hitafarið í meginatriðum.



Lágmarkshiti á Hamraendum í maí og júní 1993 og 1994. Þriggja daga hlaupandi meðaltöl.

Mælingar á vatnshita í Laxá sýndu að hann fer mjög eftir sólfari. Þannig var Laxá tæpar 6 gráður klukkan 01.00 að morgni 16. júní. Lofthiti var þá 2 gráður. Klukkan 09.00 var áin enn 6 gráður en kl. 11.00, tveimur tímum seinna, var hún orðin 11 gráður. Um kaffileiti var hún komin yfir 14 stig. Glampandi sól var allan daginn en lágmarkshiti þessa sólarhrings á Hamraendum var 1,5 gráða. Þetta sýnir að vatnshitinn er ekki eingöngu háður lofthita heldur hefur sólfar mjög mikil áhrif. Eins má gera ráð fyrir að úrkoma, og þar með vatnsmagn í ánni, séu þættir sem hafa mikil áhrif á hitafarið og þar með lífríki árinna almennt. Mælitölur frá veðurstöðvum eru því alls ekki nothæf gögn þegar skýra þarf t.d. göngutíma seiða.

Gönguseiði voru veidd til merkinga í Laxá og voru alls merkt 865 seiði á tímabilinu 22. júní til 6. júlí, en seiðagildran var tekin upp 8. júlí. Skýrsla um gang verkefnisins fylgir með í Viðauka I.

Kuldinn í júní varð þess valdandi að ganga seiðanna tafðist svo mikið að veiðitími hófst áður en merkingum lauk. Gert hafði verið ráð fyrir að merkingu væri lokið þegar veiðar hæfust þann 26. júní. Af þessum ástæðum, og að veiðimönnum var ekki kynnt nægjanlega hvað um var að vera, urðu nokkur leiðindi. Ekki bætti það úr skák að mjög treg veiði var í Laxá á þessum tíma. Óánægja þessi varð til þess að gildran var tekin upp áður en náðst hafði að merkja tilskilið magn seiða sem var 2500. Aflinn og dreifing fisksins um ána breyttist ekkert við að gildran var tekin upp, en um þessi atriði vísast nánar til Viðauka 1.

Sumarið 1994 var með eindæmum þurrt og kom ekki dropi úr lofti frá miðjum júní þar til í byrjun september. Sennilega er þetta mesta þurrkasumar í Laxá á síðari árum og er þá mikið sagt. Fiskgengd í ána var í takt við þetta og má segja að ekki hafi gengið fiskur í ána fyrr en viku af september.

Tafla 1. Niðurstöður úr seiðaveiðum í Laxá sumarið 1994. Taflan sýnir meðallengdir (sm) aldurshópa á mismunandi stöðum og tíma. Fjöldi veiddra seiða í sviga.

Staður og dagsetning	Aldur:	0	1	2	3	4
Sólheimafoss						
18/6				6.2 (14)	9.0 (7)	11.6 (2)
1/9		4.0 (9)	7.6 (22)	10.3 (4)		
Leiðólfsstaðakvörn						
18/6			4.5 (7)	6.8 (22)	10.5 (2)	
1/9		4.2 (3)	6.5 (16)	9.2 (12)		
Brú						
18/6			4.8 (6)	6.9 (3)	9.5 (2)	12.0 (1)
22/7			6.4 (4)	7.9 (1)	9.4 (10)	
1/9		4.5 (1)	7.1 (9)	9.1 (6)	11.5 (2)	

Niðurstöður, Laxá

Fjöldi veiddra seiða og stærð eftir aldri er sýndur í töflu 1. Engin árgömul seiði fundust neðan við Sólheimafoss um miðjan júní en í Leiðólfsstaðakvörn og við brú á Þjóðvegi fannst nóg af þeim. Þau voru tæplega 5 sm að lengd, fremur stór miðað við fyrri ár. Sama má segja um seiði af öðrum árgöngum, Óvenju lítið fannst af seiðum á svæðinu ofan við brúna en á hinum rafveiðistöðunum var nóg af seiðum. Líklega má rekja þetta til þurrka undanfarin ár, en þarna verða stór svæði þurr þegar lítið er í ánni. Öðru máli gildir um Leiðólfsstaðakvörn t. d. þar fer lítill hluti botnsins á þurrt þó vatnsrennsli árinna minnki.

Tafla 2 sýnir lengd seiða í sumarbyrjun á tveim stöðum í Laxá tímabilið 1988-94.

Tafla 2. Lengd laxaseiða í byrjun sumars á fiskgengum hluta Laxár 1988-1994.

Við brú á Þjóðvegi


	Sýnatökuár og dagsetning							Fjöldi fiska							
Aldur í	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	88	89	90	91	92	93	94	
vetrum	12/6	7/7	16/6	12/6	8/6	26/6	18/6								
1+	4.3	4.3	4.1	5.0	4.2	4.6	4.8	7	19	9	2	4	13	6	
2+	6.0	6.8	6.1	6.4	6.8	7.1	6.9	16	21	17	17	23	9	3	
3+	8.1	8.9	8.1	8.3	8.1	8.7	9.5	2	5	4	5	3	6	2	

Fyrir neðan Sólheimafoss:


	Sýnatökuár og dagsetning							Fjöldi fiska							
Aldur í	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	88	89	90	91	92	93	94	
vetrum	12/6	7/7	16/6	12/6	8/6	28/6	18/6								
1+	4.5	4.3	(4.1)	4.8	4.8	4.5	(4.8)	1	5	0	7	1	1	0	
2+	5.9	6.1	5.7	6.4	6.9	7.1	6.2	21	10	6	2	14	6	14	
3+	8.8	8.3	7.8	7.5	9.3	8.9	9.0	23	23	9	5	4	9	7	
4+	9.8	11.4	10.4	9.6	10.2		11.6	7	4	5	8	1	0		

(Engin árgömul seiði fundust vorin 1990 og 1994. Því eru gildin fyrir þessi ár sett í sviga.
Það er sú lengd sem fékkst á neðstu stöðinni þau ár.)

Mynd 1. Lengd laxaseiða við brú á Laxá í sumarbyrjun 1988-94




Mynd 2. Lengd seiða í Laxá neðan við Sólheimafoss að vori 1988-94



Seiði á öllum aldri voru óvenju stór á báðum stöðum í byrjun sumars, undanskilin eru tveggja ára seiðin neðan við Sólheimafoss en þar var þéttleiki þeirra mjög mikill. Myndir 1 og 2 sýna þetta á myndrænan hátt.

Vöxtur seiða sumarið 1994 er sýndur á mynd 3. Hann var góður, miklu betri en sumarið áður. Eins og tveggja ára seiði við brú lengdust um 2,2 sm frá 18. júní til 3. september 1994, en aðeins um 1 sm sama tímabil árið áður.

Mynd 3. Vöxtur laxaseiða við brú á Þjóðvegi í Laxá sumarið 1994



Mynd 4 sýnir lengd laxaseiða við brú í byrjun september árin 1989, 1992, 1993 og 1994. Hún sýnir að seiði af öllum árgöngum eru stærri en þau hafa mælst áður, enn frekari staðfesting á óvenju góðum vexti sumarið 94. Almennt má því fullyrða að ástand seiða í Laxá hafi verið mjög gott og að seiðin hafi verið vel búin undir veturinn. **Að öðrum skilyrðum óbreyttum má því búast við góðri göngu til sjávar í vor (1995).**


Niðurstöður, Fáskrúð

Ekki var veitt í Fáskrúð fyrr en í júlí. Í júní var svo mikið vatn í ánni að hún var vart veiðanleg og ekki var unnt að ferðast með ánni með góðu móti vegna ófærðar.

Niðurstöður úr seiðaveiðum eru sýndar í töflu 3. Þéttleiki seiða á fiskgenga hlutanum í ánni var með minnsta móti. Þó var yfirdrifið af sumargömlum seiðum (0+) í byrjun september. Veiðitölur um 0+ seiði er ekki marktækar vegna þess hve erfitt er að ná þeim, almenn mat kemur þar í staðinn. Mikið var af 0+ seiðum með bökkum alls staðar þar sem veitt var, allt að 2-3 seiði á m²

Mynd 4.

Lengd laxaseiða við brú á Laxá að hausti árin 1989, 92, 93 og 94



Tafla 3. Niðurstöður úr seiðaveiðum í Fáskrúð sumarið 1994. Taflan sýnir meðallengdir (sm) aldurshópa á mismunandi stöðum og tíma. Fjöldi veiddra seiða í sviga.

Staður og dagsetning	Aldur:	0	1	2	3
Ofan Katla *					
1/9		5.7 (8)	9.3 (5)		
200 m neðan Barka					
1/9		3.8 (6)	5.9 (6)	7.9 (1)	10.8 (3)
Milli veiðistaða 32 og 33					
22/7		2.5 (3)	5.0 (5)	7.4 (5)	10.4 (1)
Ofan Hellu					
1/9		4.3 (11)		8.6 (5)	11.1 (2)
Brú					
22/7			4.7 (2)	7.4 (3)	10.1 (4)

þar sem mest var. Hrygningarstofn hlýtur að hafa verið með minnsta móti haustið 1993 en það virðist ekki hafa haft afgerandi áhrif á viðkomuna.

Seiðin sem veiddust í Fáskrúð voru óvenju stór eftir aldri. Þetta átti við bæði um fiskgenga og ófiskgenga hlutann. Seiðapétteleiki á ófiskgenga hlutanum var óvenju mikill þar sem veitt var, en taka verður tillit til þess hve vatnslítil áin var fram í miðjan september. Þar fundust ekki eldri seiði en eins árs, þau eldri voru öll gengin til sjávar. Árið 1993 fundust bæði tveggja og þriggja ára seiði á ófiskgenga svæðinu í júlí, þau hafa væntanlega gengið til sjávar vorið 1994. Veturgömlu seiðin á ófiskgenga hlutanum voru orðin svo stór í byrjun september að þau munu ná göngustærð vorið 1995. Þess vegna er rétt að sleppa fleiri seiðum á svæðið en gert hefur verið áður, líklega í 12-14000 stk. Skýringin á þessum góða vexti er sennilega sú að lítið vatn var í ánni sumarið 1994, svo hún hefur verið hlý.

Þverá var skoðuð neðan Miðvatns en þar hafa engar breytingar orðð á, áin er nær ónýtt sem uppeldissvæði vegna þess að grjótið er farið og einungis ber klöppin stendur eftir. Þverá var nær vatnslaus þegar hún var

Tafla 4. Lengd laxaseiða við brúna á Fáskrúð að vori (sumri) 1988-1994.

Aldur í vetrum	Sýnatökuár og dagsætning						Fjöldi fiska							
	1988 12/6	1989	1990 11/7	1991 12/6	1992 8/6	1993 26/6	1994 22/7	88	89	90	91	92	93	94
1+	3.7		3.8	4.0	4.2	3.7	5.5	4		4	2	10	4	2
2+	6.0		5.4	5.5	6.6	6.5	7.4	16		16	1	5	10	3
3+	8.1		7.5	6.8		8.7	10.1	12		12	7	0	3	4
4+				8.4	8.3					5	3			
5+					10.9							1		
6+					11.2							1		

skoðuð í lok ágústmanaðar.

Lengd seiða í byrjun sumars er sýnd í töflu 4. Þau voru stór eftir aldri í byrjun sumars, stærri en þau hafa mælst áður. Þess ber þó að geta að 1994 var ekki veitt fyrr en 22. júlí svo tölur um lengd eru ekki alveg sambærilegar. Þó má sjá að árgömul seiði 1994 voru stærri en tveggja ára seiði voru árin 1990 og 91 og tveggja ára seiði 94 voru jafnstór eða stærri en þriggja ára seiði 1990 og 91.

Vöxtur sumarsins var góður, seiðin voru stærri en áður hefur sést að hausti. Vöxtur seiða á ófiskgenga svæðinu var mjög góður eins og áður sagði.


Mynd 5 sýnir lengd seiða að hausti árin 1993 og 94. Þar sést að seiði af öllum árgöngum eru stærri haustið 1994. Þetta er sama fyrirbrigði og sást í Laxá.

Hinn góði vöxtur sleppiseiða er sýndur á mynd 6. Þar sést að sumarið 1993 voru stór þriggja ára seiði á svæðinu. Þau voru þá ekki gengin til sjávar vegna þess hve sumarið var kalt framan af. Þessi seiði hafa annað hvort gengið mjög seint niður eða alls ekki, nokkuð sem léleg smálaxagegnd um allt NV-land og austur úr sýndi. Veturgömul seiði voru í september 1994 orðin rúmir 9 sm að meðaltali sem er með eindæmum góður vöxtur.


Stærri seiði fundust ekki þau eru öll gengin út. Gönguseiðaframleiðsla svæðisins ofan Katla hefur að líkindum verið með besta móti fyrri part sumarsins 1994 og ætti að gefa vonir um góðar heimtur á smálaxi sumarið 1995, að öðrum þáttum óbreyttum. Hér er m.a. átt við hugsanlegan þátt Hraunsfjarðarveiðinnar í lélegum endurheimtum í Dalaánum.

Þar sem vöxtur sumarsins 94 var svo góður hafa seiðin verið vel undir veturinn búinn svo það má einnig búast við góðri gönguseiðagengd af svæðinu sumarið 1995 verði veðurfarsskilyrði eðlileg. Svipað má segja um fiskgenga hlutann, góður vöxtur seiða sem gerir að hátt hlutfall þeirra gengur til sjávar. Þó svo seiðapéttleiki á fiskgenga svæðinu sé ekki mikill er það mitt álit að heildarframleiðsla þar 1995 verði yfir meðallagi. Að öllu samanlögðu er það niðurstaða mín að Fáskrúð sé á leið í uppsveiflu sem hefst með aukinni smálaxagengd um mitt sumar 1995 og að laxagengd verði með besta móti allt sumarið 1996, að sjálfsgöðu með áðurnefndum fyrirvara um eðlilegt tíðarfar og hindrunarlausa göngu upp í ána.

Mynd 5. Lengd laxaseiða neðarlega í Fáskrúð að hausti (3. september) árin 1993 og 94.



Mynd 6. Lengd laxaseiða á ófiskgengum hluta Fáskrúðar 1993 og 94.



Rannsóknir á endurheimtu merktra náttúrulegra gönguseiða.

Undanfarin ár hafa seiði verið merkt í Dalaám, m.a. til þess að kanna hvort og þá hve mikill hluti þeirra kemur fram í hafbeitarstöð Silfurlax í Hraunsfirði.

Haustið 1992 var sleppt um 250 merktum seiðum í Laxárvatn. Seiðin voru 7-8 sm löng og búist var við að þau gengu til sjávar vorið 1994. Haustið 1993 voru merkt liðlega 2000 seiði, 9 sm og stærri, flest í Laxá og Haukadalsá. Gert var ráð fyrir að mestur hluti þeirra gengi til sjávar vorið 1994. Ekki er vitað hversu góð aðferð það er að merkja seiði haustið áður en þau fara út. Vetrarafföll eru óþekkt og oft er mikill hluti stórra seiða að hausti kynþroska hængir en lítið sem ekkert er vitað hvað um þá verður.

Þá voru merkt 865 gönguseiði á niðurleið úr Laxá vorið 1994.

Fyrstu laxarnir úr öllum þessum merkingum eru væntanlegir úr hafi sem smálax vorið 1995.

Þess vegna er nauðsynlegt að undirbúa vel merkjaleit í Dölum á sumri komanda.

Sé gert ráð fyrir 4% endurheimtu náttúrulegra gönguseiða eftir eitt ár úr sjó og 50% veiðiálagi í Laxá, má búast við 11-23 merktum löxum úr 865 seiða merkingunni 1994 í afla sumarsins. Þetta er 1.5-3% af væntanlegum sumarafla, svo það gefur auga leið að það verður að skoða hvern einasta fisk.

Ef 4-10 af þessum merktu seiðum fyndust í Hraunsfirði t.d., þýddi það að 20% af laxinum úr Laxá kæmi þar fram. Þó svo að vel væri staðið að merkjaleit er fjöldi merktra seiða það lítill að hætt er við að erfitt verði að túlka niðurstöður. Það var því ekki að ástæðulausu að áætlun hafi hljóðað upp á að merkja 2400 seiði úr Laxá sl. sumar, en eins og vikið var að í inngangi varð að hætta merkingum áður en því marki var náð.

Ef það er raunverulega ætlunin að fá botn í þetta mál er nauðsynlegt að standa betur að rannsóknum en gert hefur verið. Það verður að merkja miklu fleiri gönguseiði á niðurleið.

Ég legg til að í vor verði merki bæði í Laxá og Haukadalsá, um 2500 seiði í hvorri á. Kostnaðaraukinn við að merkja á tveimur stöðum í stað eins er lítill þegar svo stutt er á milli staða.

Gönguseiðamerkingar í Laxá sumarið 1994

Gangur verkefnisins

- Þri 7/6 Sigurður Már hringdi um kl. 16.00 og fól mér að framkvæma verkið og fá fyrir það fasta greiðslu, kr. 350.000.
- Mið 8/6 KTH ráðinn í vinnu, hafist handa um að kaupa efni, smíða kassa og undirbúa för vestur.
- Fi 9/6 Farið að Laxá og komið þangað um miðnætti. Kalt var og lítið vinnuveður, ákveðið að bíða með uppsetningu til morguns. JKr, KTH.
- Fö 10/6 Gildra sett niður. Talsvert vatnsveður, vatnsborð hækkaði um 10 sm frá kl. 13.00 til 19.00. Vatnið hækkaði enn er leið á kvöldið, líklega um 5 sm til viðbótar. JKr, KTH.
- Lau 11/6 Heldur minna vatn, net í veiðikassa stíflast fljótt vegna þess hve mikið rek er í ánni. Ákveðið að skipta um og setja rör í staðinn. Keypt rör í Búðardal, kassinn tekinn á land og unnið að breytingum. JKr. KTH.
- Su 12/6 Vatnshæð við kassa um 70 sm (hafði farið í 85) kl. 11.00. Vatnshiti 9.3 kl 17.00, lofthiti 11.3, vestan 5-6 vindstig, skúrir. Unnið að breytingum á kassa en ekki settur niður, m. a. vegna mikils straums. Enginn fugl var á ferð við ána og virtist sem lítið væri að gerast. Farið til Reykjavíkur kl. 20.00. JKr.
- Má 13/6 Í Rvík.
- Þri 14/6 Í Rvík
- Mið 15/6 Komið að Laxá um kvöldið, vatnshiti 6.4, loft, 2.5 gráður, JKr, KTH.
- Fi 16/6 Gildran sett niður og vængir lengdir. vatn kl. 09.00: 5.8, 11.10: 10.8, 11.20: 11.4, 11.45: 11.7, 15.30: 14.1 gráða, Magnúsi kennt að vitja um gildruna. farið heim um kvöldið. JKr, KTH.
- Fö 17/6 Í Rvík.
- Lau 18/6 Engin seiði í gildru. vatn 12.6 kl. 13.00 SA 5, þurrt hálfskýjað. Ein straumönd og 3 kríur sáust svo og 2 toppendur á flugi. Rafveitt á nokkrum stöðum til að kanna seiðamagn. Neðan gildru fannst mikið af litlum seiðum, örfá stór. við Dönustaði, örfá stór engin lítil. Seiði virðast gengin út úr neðri hluta. Vatnshiti kl. 18.00 12.4, loft 11.4. JKr.
- Su 19/6 SA 3 alskýjað kl. 11.00, vatn 9.0, loft 11.2. Engin seiði, enginn fugl. JKr.
- Má 20/6 SA 4 hálfskýjað kl. 20. vatn 9.7, loft 7.8. KHT JKr.
- Þri 21/6 Vatnshiti kl. 09.15, 8.2, loft, 9.0, logn alskýjað. Enginn fugl sást við ósinn. Tumi Tómasson kom á staðinn og gaf góð ráð um endurbætur á gildru sem m.a. fólst í að auka strauminn í gegn um kassann. Rafveiddum við Gillastaði og þar fundust seiði sem voru sjóklár en ekki farin. KHT, TT.
- Mið 22/6 Logn, skýjað með köflum. Vatn 9.1, loft, 13.3. Fyrstu tvö seiðin voru í sitt hvoru hólfi kassans. Plast sett á grindur til þess að stúfa upp ána til að gá meiri straum inn að miðju í gegn um kassann. KTH.
- Fi 23/6 Í Rvík
- Fö 24/6 Í Rvík
- Lau 25/6 Í Laxá seinni part dagsins. Um 60 seiði í kassanum, flutt í tunnuna, hún sett á hliðina til að auka streymi í henni. KTH
- Su 26/6 Um 20 seiði í kassa. Nær öll seiðin höfðu sloppið úr tunnunni um nóttina. Farið til Rvíkur um kvöldið. KTH
- Má 27/6 Magnús á Höskuldsstöðum vitjaði um, lítið í.
- Þr 28/6 Magnús vitjaði um. JKr fór af landi brott þennan dag og fól KTH alla umsjón og stjórn verksins.

- Mið 29/6 Vitjað um snemma morguns, rúm 100 seiði hafa safnast. Sumarliði merkti 167 seiði síðdegis. KTH
- Fi 30/6 Magnús vitjar um.
- Fö 1/7 Magnús vitjar um.
- Lau 2/7 Vestur síðdegis. Vatnshiti 18.0 kl. 19.15, loft 16.4. Um 100 seiði síðasta sólarhring. Heyri að menn hafi áhyggur af að gildran haldi göngulaxi fyrir neðan. KTH
- Su 3/7 Vatnshiti 14.2 kl. 02.00, loft 10.2. Töluvert af seiðum í gildrunni. Áin er mjög tær kl. 19.55. Hiti á ánni 16.7, lofthiti 13.0. Áætlað að 400-500 seiði hafi safnast síðan 29/6. KTH
- Má 4/7 KTH hafði samband við Veiðimálastofnun vegna merkinga. Þar sem Sumarliði var í fríi var honum bent á að hafa samband við Jóhannes. KTH fór vestur, hitti Jóhannes og Björn um kvöldið og voru merkt 580 seiði. Merking stóð fram yfir miðnætti. Tumi Tómasson kom á staðinn og bar KTH undir hann áhyggjur manna af að gildran hindraði laxagegnd upp ána. Tumi sagðist ekki hafa áhyggjur af því. Margra ára reynsla úr Núpsá í Miðfirði hefði sýnt að svona mannvirki hindruðu ekki laxgegnd, hann færi jafnvel í gegn þó áin væri alveg þvergirt. Þetta er reyndar í samræmi við það sem KTH heur áður heyrt, að nóg sé að rétt vatni undir laxinn, ætli hann sér á annað borð áfram. Við gildruna í Laxá er um 1 m bil sitt hvoru megin og vatnsdýpi þar er 20-30 sm og töluverður straumur. Jóhannes ætlar að koma annað kvöld.
- Þri 5/7 Jóhannes og Björn merktu um 60 seiði.
- Mið 6/7 KTH hringdi í Björn og lýsti áhyggjum sínum yfir að gildran væri eftirlitslaus þar sem hann ætti ekki heimangengt. Sagði að hann og Stefán myndu fara og merkja. Þeir merktu svo 58 seiði með einstaklingsmerkjum.
- Fi 7/7 Gildra án eftirlits.
- Fö 8/7 Gildra mun hafa verið tekin upp.
- Lau 9/7 KTH kom að Laxá kl. 02.00. Gildran komin upp á bakka. Hann grunar að það sé vegna hræðslu veiðimanna við að gildran hindri laxinn að ganga upp.
- Su 10/7 KTH fréttir að gildran hafi verið tekin upp skv. ákvörðun Sigurðar Más Einarssonar Veiðimálastofnunarinnar í Borgarnesi. Hann heyrir að erfitt hafi verið að ná í hann en telur það vafasamt. KTH telur að gildran hafi verið tekin upp of snemma og að ótti um að hún hindraði göngur hafi verið ástæðulaus. Gunnar, kokkur í veiðihúsinu, sagði að lax hefði oft áður staldrað við í strengnum neðan við þröskuldinn. Alls voru merkt 865 seiði. en ætlun mín hafði verið að merkja 2600 seiði til þess að geta fullnægt kröfum um marktækar niðurstöður miðað við 4% endurheimtur.

Eftirmáli:

Ég skoðaði veiðibókina þegar ég kom að Laxá 22. júlí. Gerði ég athugun á dagsveiði frá byrjun júlí og fram í enndaðan mánuðinn. Þar kom fram að veiði var mjög lítil í byrjun júlí, um 8-10 laxar á dag og fór minnkandi. ekki var að sjá að veiði væri áberandi meiri neðan en ofan gildrunnar, að vísu var gaf Hornsstaðastrengur hlutfallslega vel. Um 10 júlí var veiðin 1-3 fiskar á dag og hún hélt áfram að vera á þeim nótum eftir að gildran var farin. Hornsstaðastrengur hélt áfram að gefa veiði svipað og áður. Þetta sannfærði mig um að gildran hefði á engan hátt haft áhrif á veiði í ánni. Það kom fram í samtölum mínum við veiðimenn sem höfðu verið þarna fyrripart júlí að starfsmenn Veiðimálastofnunar sem merktu fiskinn og höfðu því mest með daglega umsjá gildrunnar að gera hefðu ekki upplýst veiðimenn um það var verið að gera, þess vegna hefði skapast viss óánægja.

No	Staður	Dagsetning	Stöð	Lengd	Annað	Aldur
1	Laxá	18/06/1994	Brú	12,0	Göngus	4
2	Laxá	18/06/1994	Brú	9,5		3
3	Laxá	18/06/1994	Brú	9,4		3
4	Laxá	18/06/1994	Brú	7,3		2
5	Laxá	18/06/1994	Brú	6,9		2
6	Laxá	18/06/1994	Brú	6,6		2
7	Laxá	18/06/1994	Brú	5,2		1
8	Laxá	18/06/1994	Brú	5,1		1
9	Laxá	18/06/1994	Brú	4,9		1
10	Laxá	18/06/1994	Brú	4,6		1
11	Laxá	18/06/1994	Brú	4,6		1
12	Laxá	18/06/1994	Brú	4,5		1
1	Laxá	18/06/1994	Leið	10,8	Göngus	3
2	Laxá	18/06/1994	Leið	10,1		3
3	Laxá	18/06/1994	Leið	7,7		2
4	Laxá	18/06/1994	Leið	7,3		2
5	Laxá	18/06/1994	Leið	7,3		2
6	Laxá	18/06/1994	Leið	7,1		2
7	Laxá	18/06/1994	Leið	6,9		2
8	Laxá	18/06/1994	Leið	6,8		2
9	Laxá	18/06/1994	Leið	6,5		2
10	Laxá	18/06/1994	Leið	6,5		2
11	Laxá	18/06/1994	Leið	6,9		2
12	Laxá	18/06/1994	Leið	6,9		2
13	Laxá	18/06/1994	Leið	7,0		2
14	Laxá	18/06/1994	Leið	6,9		2
15	Laxá	18/06/1994	Leið	6,7		2
16	Laxá	18/06/1994	Leið	6,2		2
17	Laxá	18/06/1994	Leið	6,0		2
18	Laxá	18/06/1994	Leið	6,0		2
19	Laxá	18/06/1994	Leið	6,5		2
20	Laxá	18/06/1994	Leið	6,4		2
21	Laxá	18/06/1994	Leið	5,0		1
22	Laxá	18/06/1994	Leið	4,9		1
23	Laxá	18/06/1994	Leið	4,4		1
24	Laxá	18/06/1994	Leið	4,2		1
25	Laxá	18/06/1994	Leið	4,7		1
26	Laxá	18/06/1994	Leið	4,2		1
27	Laxá	18/06/1994	Leið	4,3		1
1	Laxá	18/06/1994	Dön	9,8	Göngus	3
2	Laxá	18/06/1994	Dön	8,9		3
3	Laxá	18/06/1994	Dön	8,5		3
4	Laxá	18/06/1994	Dön	6,1		2
1	Laxá	18/06/1994	Sól	12,2		4
2	Laxá	18/06/1994	Sól	10,9		4
3	Laxá	18/06/1994	Sól	10,1		3
4	Laxá	18/06/1994	Sól	9,9		3
5	Laxá	18/06/1994	Sól	9,2		3
6	Laxá	18/06/1994	Sól	8,5		3
7	Laxá	18/06/1994	Sól	8,5		3
8	Laxá	18/06/1994	Sól	8,5		3
9	Laxá	18/06/1994	Sól	8,3		3
10	Laxá	18/06/1994	Sól	6,9		2
11	Laxá	18/06/1994	Sól	6,5		2
12	Laxá	18/06/1994	Sól	6,8		2
13	Laxá	18/06/1994	Sól	6,6		2
14	Laxá	18/06/1994	Sól	6,6		2
15	Laxá	18/06/1994	Sól	6,4		2
16	Laxá	18/06/1994	Sól	6,1		2
17	Laxá	18/06/1994	Sól	5,9		2
18	Laxá	18/06/1994	Sól	5,9		2
19	Laxá	18/06/1994	Sól	5,9		2
20	Laxá	18/06/1994	Sól	5,8		2
21	Laxá	18/06/1994	Sól	5,7		2
22	Laxá	18/06/1994	Sól	5,5		2
23	Laxá	18/06/1994	Sól	5,7		2
1	Laxá	22/07/1994	Brú	10,6		3

No	Staður	Dagsetning	Stöð	Lengd	Annað	Aldur
2	Laxá	22/07/1994	Brú	10,4		3
3	Laxá	22/07/1994	Brú	10,0		3
4	Laxá	22/07/1994	Brú	10,2		3
5	Laxá	22/07/1994	Brú	9,2		3
6	Laxá	22/07/1994	Brú	9,4		3
7	Laxá	22/07/1994	Brú	8,6		3
8	Laxá	22/07/1994	Brú	8,7		3
9	Laxá	22/07/1994	Brú	8,7		3
10	Laxá	22/07/1994	Brú	8,5		3
11	Laxá	22/07/1994	Brú	7,9		2
12	Laxá	22/07/1994	Brú	6,9		1
13	Laxá	22/07/1994	Brú	6,5		1
14	Laxá	22/07/1994	Brú	6,1		1
15	Laxá	22/07/1994	Brú	5,9		1
1	Fásk	22/07/1994	Brú	10,2		3
2	Fásk	22/07/1994	Brú	10,3		3
3	Fásk	22/07/1994	Brú	10,0		3
4	Fásk	22/07/1994	Brú	10,0		3
5	Fásk	22/07/1994	Brú	8,5		2
6	Fásk	22/07/1994	Brú	7,8		2
7	Fásk	22/07/1994	Brú	6,9		2
8	Fásk	22/07/1994	Brú	5,5		1
9	Fásk	22/07/1994	Brú	5,9		1
1	Laxá	22/07/1994	Þrá	9,6		
2	Laxá	22/07/1994	Þrá	9,1		
3	Laxá	22/07/1994	Þrá	8,9		
4	Laxá	22/07/1994	Þrá	7,7		
1	Fásk	22/07/1994	33	10,4		3
2	Fásk	22/07/1994	33	7,6		2
3	Fásk	22/07/1994	33	7,8		2
4	Fásk	22/07/1994	33	7,2		2
5	Fásk	22/07/1994	33	7,3		2
6	Fásk	22/07/1994	33	6,9		2
7	Fásk	22/07/1994	33	5,1		1
8	Fásk	22/07/1994	33	4,9		1
9	Fásk	22/07/1994	33	4,9		1
10	Fásk	22/07/1994	33	5,0		1
11	Fásk	22/07/1994	33	4,8		1
12	Fásk	22/07/1994	33	2,5		0
13	Fásk	22/07/1994	33	2,5		0
14	Fásk	22/07/1994	33	2,5		0
1	Laxá	01/09/1994	Sól	10,9	Kynþ hæ	2
2	Laxá	01/09/1994	Sól	10,7	Kynþ hæ	2
3	Laxá	01/09/1994	Sól	10,2		2
4	Laxá	01/09/1994	Sól	9,2		2
5	Laxá	01/09/1994	Sól	8,0		1
6	Laxá	01/09/1994	Sól	8,3		1
7	Laxá	01/09/1994	Sól	8,4		1
8	Laxá	01/09/1994	Sól	7,3		1
9	Laxá	01/09/1994	Sól	7,4		1
10	Laxá	01/09/1994	Sól	8,1		1
11	Laxá	01/09/1994	Sól	8,0		1
12	Laxá	01/09/1994	Sól	7,9		1
13	Laxá	01/09/1994	Sól	7,9		1
14	Laxá	01/09/1994	Sól	7,5		1
15	Laxá	01/09/1994	Sól	8,0		1
16	Laxá	01/09/1994	Sól	7,7		1
17	Laxá	01/09/1994	Sól	7,1		1
18	Laxá	01/09/1994	Sól	7,2		1
19	Laxá	01/09/1994	Sól	7,4		1
20	Laxá	01/09/1994	Sól	7,6		1
21	Laxá	01/09/1994	Sól	7,1		1
22	Laxá	01/09/1994	Sól	7,8		1
23	Laxá	01/09/1994	Sól	7,0		1
24	Laxá	01/09/1994	Sól	7,3		1
25	Laxá	01/09/1994	Sól	7,1		1
26	Laxá	01/09/1994	Sól	6,1		1

No	Staður	Dagsetning	Stöð	Lengd	Annað	Aldur
27	Laxá	01/09/1994	Sól	4,2		0
28	Laxá	01/09/1994	Sól	3,8		0
29	Laxá	01/09/1994	Sól	4,1		0
30	Laxá	01/09/1994	Sól	3,8		0
31	Laxá	01/09/1994	Sól	4,6		0
32	Laxá	01/09/1994	Sól	4,1		0
33	Laxá	01/09/1994	Sól	4,3		0
34	Laxá	01/09/1994	Sól	3,7		0
35	Laxá	01/09/1994	Sól	3,8		0
1	Laxá	01/09/1994	Leið	10,2	Kynþ hæ	2
2	Laxá	01/09/1994	Leið	9,9		2
3	Laxá	01/09/1994	Leið	9,7	Kynþ hæ	2
4	Laxá	01/09/1994	Leið	10,0		2
5	Laxá	01/09/1994	Leið	9,0		2
6	Laxá	01/09/1994	Leið	9,0		2
7	Laxá	01/09/1994	Leið	8,9		2
8	Laxá	01/09/1994	Leið	8,4		2
9	Laxá	01/09/1994	Leið	9,0		2
10	Laxá	01/09/1994	Leið	8,7	Kynþ hæ	2
11	Laxá	01/09/1994	Leið	8,8		2
12	Laxá	01/09/1994	Leið	8,9		2
13	Laxá	01/09/1994	Leið	7,2		1
14	Laxá	01/09/1994	Leið	7,1		1
15	Laxá	01/09/1994	Leið	6,7		1
16	Laxá	01/09/1994	Leið	6,9		1
17	Laxá	01/09/1994	Leið	7,0		1
18	Laxá	01/09/1994	Leið	7,0		1
19	Laxá	01/09/1994	Leið	6,6		1
20	Laxá	01/09/1994	Leið	6,3		1
21	Laxá	01/09/1994	Leið	6,1		1
22	Laxá	01/09/1994	Leið	6,6		1
23	Laxá	01/09/1994	Leið	6,5		1
24	Laxá	01/09/1994	Leið	6,1		1
25	Laxá	01/09/1994	Leið	5,6		1
26	Laxá	01/09/1994	Leið	5,6		1
27	Laxá	01/09/1994	Leið	6,5		1
28	Laxá	01/09/1994	Leið	5,6		1
29	Laxá	01/09/1994	Leið	4,3		0
30	Laxá	01/09/1994	Leið	4,2		0
31	Laxá	01/09/1994	Leið	4,0		0
1	Laxá	01/09/1994	Brú	11,3	Kynþ hæ	3
2	Laxá	01/09/1994	Brú	11,7	Kynþ hæ	3
3	Laxá	01/09/1994	Brú	9,8		2
4	Laxá	01/09/1994	Brú	8,6		2
5	Laxá	01/09/1994	Brú	9,5		2
6	Laxá	01/09/1994	Brú	9,2		2
7	Laxá	01/09/1994	Brú	8,7		2
8	Laxá	01/09/1994	Brú	8,5		2
9	Laxá	01/09/1994	Brú	8,0		1
10	Laxá	01/09/1994	Brú	7,9		1
11	Laxá	01/09/1994	Brú	7,7		1
12	Laxá	01/09/1994	Brú	7,4		1
13	Laxá	01/09/1994	Brú	7,0		1
14	Laxá	01/09/1994	Brú	7,0		1
15	Laxá	01/09/1994	Brú	6,5		1
16	Laxá	01/09/1994	Brú	6,4		1
17	Laxá	01/09/1994	Brú	6,4		1
18	Laxá	01/09/1994	Brú	4,5		0
1	Fásk	01/09/1994	Hell	11,1		3
2	Fásk	01/09/1994	Hell	11,0		3
3	Fásk	01/09/1994	Hell	9,4		2
4	Fásk	01/09/1994	Hell	9,3		2
5	Fásk	01/09/1994	Hell	8,3		2
6	Fásk	01/09/1994	Hell	8,5		2
7	Fásk	01/09/1994	Hell	7,6		2
8	Fásk	01/09/1994	Hell	4,6		0

No	Staður	Dagsetning	Stöð	Lengd	Annað	Aldur
9	Fásk	01/09/1994	Hell	4,4		0
10	Fásk	01/09/1994	Hell	4,3		0
11	Fásk	01/09/1994	Hell	4,1		0
12	Fásk	01/09/1994	Hell	4,4		0
13	Fásk	01/09/1994	Hell	4,1		0
14	Fásk	01/09/1994	Hell	4,1		0
15	Fásk	01/09/1994	Hell	4,2		0
16	Fásk	01/09/1994	Hell	4,1		0
17	Fásk	01/09/1994	Hell	4,3		0
18	Fásk	01/09/1994	Hell	4,1		0
1	Fásk	01/09/1994	Bark	11,4	Kynþ hæ	3
2	Fásk	01/09/1994	Bark	11,1		3
3	Fásk	01/09/1994	Bark	10,0	Kynþ hæ	3
4	Fásk	01/09/1994	Bark	7,9		2
5	Fásk	01/09/1994	Bark	6,4		1
6	Fásk	01/09/1994	Bark	6,2		1
7	Fásk	01/09/1994	Bark	5,9		1
8	Fásk	01/09/1994	Bark	5,8		1
9	Fásk	01/09/1994	Bark	5,8		1
10	Fásk	01/09/1994	Bark	5,2		1
11	Fásk	01/09/1994	Bark	3,9		0
12	Fásk	01/09/1994	Bark	3,9		0
13	Fásk	01/09/1994	Bark	3,9		0
14	Fásk	01/09/1994	Bark	3,8		0
15	Fásk	01/09/1994	Bark	3,5		0
16	Fásk	01/09/1994	Bark	3,7		0
1	Fásk	01/09/1994	O-Kat	9,8	Sls	1
2	Fásk	01/09/1994	O-Kat	9,6	Sls	1
3	Fásk	01/09/1994	O-Kat	9,4	Sls	1
4	Fásk	01/09/1994	O-Kat	9,5	Sls	1
5	Fásk	01/09/1994	O-Kat	8,2	Sls	1
6	Fásk	01/09/1994	O-Kat	6,2	Sls	0
7	Fásk	01/09/1994	O-Kat	6,3	Sls	0
8	Fásk	01/09/1994	O-Kat	5,9	Sls	0
9	Fásk	01/09/1994	O-Kat	6,1	Sls	0
10	Fásk	01/09/1994	O-Kat	5,9	Sls	0
11	Fásk	01/09/1994	O-Kat	5,6	Sls	0
12	Fásk	01/09/1994	O-Kat	5,3	Sls	0
13	Fásk	01/09/1994	O-Kat	4,5	Sls	0
